

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)  
nr. 530/2014****2020/EES/50/36****frá 12. mars 2014****Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 530/2014 frá 12. mars 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina frekar veigamiklar áhættuskuldbindingar og viðmiðunarmörk fyrir innri aðferðir vegna sértækrar áhættu í veltubók (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB <sup>(1)</sup>, einkum í þriðja undirlið 4. mgr. 77. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í 3. mgr. 77. gr. tilskipunar 2013/36/ESB er eingöngu vísað til „skuldagerninga“ og þess vegna ætti ekki að taka eiginfjárgerninga í veltubókinni með í matinu á mikilvægi sértækrar áhættu.
- 2) Mikilvægi áhættuskuldbindinga vegna sértækrar áhættu að raungildi ætti að mæla með því að beita stöðluðum reglum við útreikning á hreinni stöðu skuldagerninga. Í því mati ætti að meta bæði hreinar gnótt- og skortstöður, reiknaðar út í samræmi við 1. mgr. 327. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 <sup>(2)</sup>, eftir niðurfærslu vegna áhættuvarna sem lánaafleiður veita í samræmi við 346. og 347. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
- 3) Í fyrstu undirgrein 3. mgr. 77. gr. tilskipunar 2013/36/ESB er fjallað um sértæka áhættu í veltubókinni sem varðar „mikinn fjölda mikilvægra staðna í skuldagerningum mismunandi útgefenda“. Reglur þessar kveða því á um mikilvægismörk vegna mikils fjölda mikilvægra staðna í skuldagerningum mismunandi útgefenda, skv. 4. mgr. 77. gr. þeirrar tilskipunar.
- 4) Reglugerð þessi byggist á frumvörpum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 5) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um frumvörpin að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitum hagsmunahóps um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 <sup>(3)</sup>,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Skilgreining á „óvarinn fyrir sértækri áhættu sem er veruleg að raungildi“ skv. 4. mgr. 77. gr. tilskipunar 2013/36/ESB**

Að stofnun sé óvarinn gegn sértækri áhættu af skuldagerningum skal vera talin veruleg að raungildi þegar samtala allra hreinna gnóttstaðna og hreinna skortstaðna er meiri en 1 000 000 000 evrur, sbr. 327. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 148, 20.5.2014, bls. 50. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 65.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338.

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfæriskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

2. gr.

**Skilgreining á „miklum fjölda mikilvægra staðna í skuldagerningum mismunandi útgefenda“ skv. 4. mgr. 77. gr. tilskipunar 2013/36/ESB**

Sértæk áhætta eignasafns stofnunar skal talin ná yfir mikinn fjölda mikilvægra staðna í skuldagerningum mismunandi útgefenda þegar eignasafnið inniheldur meira en 100 stöður, sem hver er stærri en 2 500 000 evrur, hvort sem þessar stöður eru hreinar gnóttstöður eða hreinar skortstöður, sbr. 327. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

3. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. mars 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*

---